

# FBM FRÉTTABRÉF

NÝJUSTU FRÉTTIR FRÁ FÉLAGI BÓKAGERÐARMANNA

Útgefandi: FBM Hverfisgötu 21, Rvík. Sími 552 8755, www.fbm.is 1. tölublað nóvember 2010. Ábyrgðarmaður: Georg Páll Skúlason

## Þrjátíu ár frá stofnun FBM 2. nóvember 2010

Í tilefni að því að 30 ár eru liðin frá sameiningu félaga í prentiðnaði í Félag bókgerðarmanna verður opið hús á Hverfisgötu 21 laugardaginn 6. nóvember kl. 16-18. Dagskráin verður í léttum dúr. Ari Eldjárn verður með uppistand og Jakob Viðar Guðmundsson sér um tónlistina. Auk þess verða munir í eigu félagsins til sýnis. Félagsmenn eru hvattir til að koma og njóta skemmtunar og veitinga.

## Kjarasamningar

Undirbúningur kjarasamninga FBM og Samtaka atvinnulífsins annarsvegar og FGT og Samtaka íslenskra auglýsingastofa hinsvegar sem gilda til 30. nóvember n.k. stendur yfir. FBM stóð fyrir kjarabingi miðvikudaginn 28. október s.l. þar sem félagsmenn komu saman og unnu að áhersluþáttum í komandi kjarasamningum. Leitað var til félagsmanna sem valdir voru með úrtaki úr félagaskrá jafnframt sem opið var fyrir áhugasama félagsmenn að taka þátt. Unnið var á þremur borðum eftir svonefndri þjóðfundaraðferð þar sem félagsmenn lögðu fram hugmyndir um hvað væru helstu áherslur varðandi kaup og kjör bókagerðarmanna og áherslur í sameiginlegum málum verkalyðshreyfingarinnar. Unnið verður úr þeim áherslum sem fram komu og mótuð kröfugerð félagsins sem lögð verður fyrir félagsfund í nóvember.

FBM þakkar þeim félagsmönnum sem þátt tóku fyrir sitt framlag til undirbúnings kjarasamninganna, en framanundan eru kjarasamningar á vinnumarkaði þar sem flest öll stéttarfélög landsins eru með opna samninga.

## Hvernig hefur núverandi samningstímabil gengið.

Kjarasamningar FBM og SA voru gerðir í febrúar 2008 en Samtök atvinnulífsins hafa samningsumboð fyrir hönd Samtaka iðnaðarins sem atvinnurekendur í prentiðnaði tilheyra. Þrátt fyrir nokkuð langan aðdraganda að gerð samningsins fengum við ekki marga fundi með fulltrúum atvinnurekenda í prentiðnaði en hittum meira fulltrúa SA. Langflest aðildarfélög ASÍ undirrituðu samninga á sama tíma og var nokkuð eindregin niðurstaða um samningana sem voru samþykktir með 76% atkvæða hjá FBM. Mjög fljótlega eftir að samningarnir voru kláraðir fór að halla undan fæti og róðurinn að þyngjast. Þannig sáum við uppsagnir byrja að birtast á vormánuðum 2008 og samningar sem við áttum ókláraða við Samtök íslenskra auglýsingastofa lentu strax í erfiðum farvegi.

Skemmst er frá að greina að samningar við SÍA náðust ekki fyrr en eftir eins og hálfis árs tíma á borði ríkissáttasemjara eða í mars á þessu ári. Þrátt fyrir að kröfugerðin hafi verið samhljóða samningum sem FBM gerði við SA í febrúar 2008.

Mikið áfall reið yfir prentiðnaðinn í kjölfar bankahrunsins haustið 2008 og fjöldi uppsagna lágu fyrir. Verkalyðshreyfingin brást skjótt við því ástandi og krafðist breytinga á lögum um atvinnuleysistryggingasjóð til að koma í veg fyrir fjöldauppsagnir, en þær breytingar fólu í sér þann möguleika að sækja atvinnuleysisbætur að hluta á móti minnkuðu starfshlutfalli. Það leiddi til þess að í stað almennra uppsagna fóru nokkur stór fyrirtæki í að minnka starfshlutfall.

Á tímabili á árinu 2009 var mest um 270 manns á hlutabótum og allt niður í 50% starfi. Í dag eru fáir félagsmenn í hlutastarfi en 65 félagsmenn í atvinnuleit eða 7,4% af vinnuaflinu. Frá árinu 2008 hefur félagsmönnum fækkað um u.þ.b. 13%.

Yfirvinna hefur eðlilega dregist verulega saman og ángengt er að fyrirtæki semji við starfsmenn um að taka aukavinnu út í fríi.

Kjarasamningarnir voru með endurskoðunarákvæði sem var í febrúar 2009, þar höfðu samningsaðilar möguleika til að segja sig frá samningnum að gefnum ákveðnum forsendum. Ekki var ágreiningur um að forsendur samningsins höfðu brostið og gerðu atvinnurekendur kröfur um breytingar á kjarasamningnum sem fólu í sér frestun á umsömdum kauphækkunum sem áttu að koma til framkvæmda í mars 2009 og janúar 2010. Frestunin var annarsvegar um að kaupstaxtahækkunir komu til í júní og nóvember 2009 og launaþróunartrygging uppá 3,5% í nóvember og hinsvegar að hækkun uppá 2,5% og hækkun kaupstaxta kom til í júní á þessu ári í stað janúar. Fallist var á þessar breytingar og unnið að frekari sátt á vinnumarkaði með öðrum heildarsamtökum launafólks, atvinnurekenda og stjórnvalda með gerð stöðugleikasáttmálans 25. júní 2009 sem ekki verður rakinn nánar hér. Hvað stöðugleikasáttmálann varðar sögðu SA sig frá honum 27. mars 2010 og ASÍ sagði sig frá honum 16. júní einnig vegna vanefnda ríkisstjórnarinnar þótt ólíkar ástæður lægju að baki ákvörðuninni.

## Frá ársfundi ASÍ

Á liðnum ársfundi ASÍ sem haldinn var í Reykjavík 21. og 22. október s.l. var fjallað um komandi kjarasamninga í efnahags- og kjaranefnd þar sem vel á annað hundrað manns allsstaðar af landinu tóku þátt. Á ársfundinum voru alls 290 fulltrúar þar á meðal 4 fulltrúar frá FBM. Svonnefnd þjóðfundaraðferð var viðhöfð í starfi nefnda á ársfundinum og gerðu ársfundarfulltrúar góðan róm að

fyrirkomulaginu og mikil og góð þátttaka skilaði sér í kjarnyrstum ályktunum og áherslum fundarins.

Almenn samstaða var í nefndinni og voru eftirfarandi áherslur samþykktar með öllum greiddum atkvæðum gegn einu og einnig samþykktar á ársfundinum með öllum greiddum atkvæðum gegn tveimur.

## ■ Efnahagsmál

ASÍ gerir kröfu um að íslenskum heimilum og fyrirtækjum verði tryggður efnahagslegur stöðugleiki eins og er í þeim löndum sem best standa og við viljum bera okkur saman við.

Forsendur stöðugleika eru:

- Traustur og stöðugur gjaldmiðill.
- Ábyrg hagstjórn.
- Traust og trúverðugleiki.

ASÍ telur mikilvægt að takast á við aðsteðjandi vanda með því að efla verðmætasköpun.

Efla nýsköpun, styðja við sprotafyrirtæki og auðvelda erlenda fjárfestingu.

Auka fullvinnslu innanlands og markaðssetningu erlendis á afurðum, þjónustu og hugviti

ASÍ gerir kröfu um gegnsæi og siðvæðingu í íslensku samfélagi.

## ■ Kjaramál

ASÍ telur mikilvægt að efnit verði til viðtæks samstarfs og samvinnu stjórnvalda, stjórnarandstöðu, atvinnurekenda og stéttarféлага á almennum og opinberum vinnu- markaði við það verkefni að fjölga störfum og auka og tryggja kaupmátt launafólks.

Forsendan fyrir viðtækri sátt og samvinnu er:

- Að traust ríki milli aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda.
- Að samstaða náist um samræmda launastefnu sem feli í sér almennar launahækkningar og jöfnun kjara.
- Að lífeyrisréttindi allra landsmanna verði jöfnuð.

ASÍ krefst þess að staðið verði við gefin loforð um hækkun persónuafsláttar.

ASÍ bendir á að samningstími ráðist af innihaldi kjarasamninga, trausti og forsenduákvæðum.

## Eftirfarandi ályktun var samþykkt um húsnæðismál og greiðsluvanda heimilanna

### Ársfundur ASÍ krefst þess að:

Öllum verði tryggt mannsæmandi og öruggt íbúðarhúsnæði.

- Endurvekja þarf verkamannabústaðakerfið og raunhæft kaupleigukerfi fyrir almennt launafólk.
- Standa ber vörð um kerfi vaxta- og húsaleigubóta.
- Hvetja þarf til húsnæðissparnaðar til þess að auka getu til eignamyndunar í íbúðarhúsnæði.
- Tryggja þarf sveigjanleika í greiðslubyrði til samræmis við greiðslugetu og að heimilt verði að endurfjármagna eldri lán fyrir ný miðað við getu.
- Efla verður raunhæfan, stöðugan og sanngjarnan leigu- markað.

- Endurskoða ber hlutverk Íbúðalánasjóðs sem og fá honum að nýju það félagshlutverk sem hann áður gegndi.

Gripið verði tafarlaust til aðgerða til að taka á yfirþyrmandi skulda- og greiðsluvanda heimilanna.

- Leita verður leiða til þess að draga úr vægi verðtryggingar og að tryggt verði að lántakendum standi til boða óverðtryggt lán á ásættanlegum kjörum.
- Komið verði til móts við lántakendur vegna þeirra miklu hækkana lána sem orðið hafa frá hrúni bankanna. Kostnaður af slíkri lækkingu lána verði borinn af lánveitendum og mögulega ríkissjóði. Ekki kemur til greina að færa slíkan kostnað á lífeyrisþega á almennum vinnumarkaði.
- Koma verður sérstaklega til móts við þann hóp sem ekki átti önnur úrræði en að skuldsetja sig umfram getu vegna húsnæðiskaupa á árabílinu 2004-2008.
- Tryggja verður jafnræði við framkvæmd úrræða fyrir fólk vegna greiðsluvandræða, hraða meðferð og auka skilvirkni úrræða.
- Við eignamissi við uppboð eða gjaldþrot verður að tryggja viðkvæmustu hópnum, atvinnulausum og öðrum með verulega skerta greiðslugetu, sanngjarna leigu m.v. getu.
- Tryggt verði að ekki sé hægt að ganga að fólki vegna tapaðra veðkrafna út yfir gröf og dauða, hvort sem um er að ræða gömul eða ný lán.
- Finna verður leið til þess að lagfæra stöðu þeirra sem gengist hafa í ábyrgð fyrir lánnum til húsnæðiskaupa þriðja aðila.
- Auka þarf ábyrgð og siðferði lánveitenda.

Jafnframt má benda á aðrar ályktanir frá fundinum á vef félagsins [www.fbm.is](http://www.fbm.is)

## ■ Frá aðalfundi FBM 2010

Aðalfundur FBM var haldinn laugardaginn 17. apríl s.l. á Grand hótél v/Sigtún.

Vegna dræmrar mætingar í upphafi fundar tók um 40 mínútur að hefja fundinn en í 9. gr. laga félagsins segir m.a. „aðalfundur er löglegur, sé löglega til hans boðað, og hann sitji eigi færri en 35 félagsmenn, þar af meirihluti stjórnar.“

Eftir skýrslu stjórnar og yfirferð reikninga félagsins sem send hafði verið í riti út til allra félagsmanna var umræða um starf stjórnar og afgreiðsla reikninga.

**Því næst fóru fram stjórnarskipti en eftirfarandi aðilar skipa stjórn FBM tímabilið 2010 – 2011** Georg Páll Skúlason, formaður, Oddgeir Þór Gunnarsson, Prentsmiðjunni Odda, Stefán Ólafsson, Þorkell S. Hilmarsson, OPM, Anna Helgadóttir, Prentsmiðjunni Odda, Óskar R. Jakobsson, Litlaprenti og Páll Reynir Pálsson, Litlaprenti.

**Varastjórn:** Anna Haraldsdóttir, Morgunblaðinu, Elín Sigurðardóttir, Hrafnhildur Ólafsdóttir, FBM, Hrefna Stefánsdóttir, Ásbjörn Sveinbjörnsson, Prentsmiðjunni Odda og Róbert Ericsson, Prentmeti.

Á fundinum var kjarakönnun FBM og SI 2010 kynnt. En hún var unnin af Capacent Gallup fyrir prentiðnaðinn. Niðurstaða hefur verið send til félagsmanna og einnig má nálgast eintak af kjarakönnuninni á vefnum [www.fbm.is](http://www.fbm.is).